

	1990	1991	1992	1993
4.25. Blönduós				
1. Tækjageymsla		2,4		
2. Sanddreifari			1,0	
3. Radíóviti			1,0	
	0,0	2,4	2,0	0,0
4.26. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði	3,6			
2. Tækjageymsla		2,4		
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Radíóviti			1,0	
6. Vararafmagn			1,5	
	3,6	6,9	3,5	0,0
4.27. Hólmavík				
1. Öryggissvæði	5,7			
2. Farþegaskýli	7,6			
3. Slökkvibúnaður		4,5		
4. Sanddreifari			1,0	
5. Markviti			0,7	
	13,3	4,5	1,7	0,0
4.29. Aðrir flugvelli og landingarstaðir				
1. Óskipt	19,1	22,0	22,0	22,0
	19,1	22,0	22,0	22,0
4.30. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Óskipt	14,0	16,0	16,0	16,0
	14,0	16,0	16,0	16,0
4.31. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0,0	17,0	18,5	27,7
Samtals	325,0	349,0	349,0	349,0

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
og sendiráðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:

- a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
- b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Pólland og Tékkóslóvakía.
- c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Júgóslavía, Albanía og Saudi Arabía.
- d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígería.
- e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
- f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Rúmenía, Mongólía og Japan.
- g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Þýska Alþýðulýðveldið, Austurríki, Sviss, Ungverjaland, Grikkland og Vatíkanríkið.
- h. Brussel, sendiráð. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxembourg. Forstöðumaður sendiráðsins skal einnig vera sendiherra hjá Evrópubandalaginu.
- i. Brussel, fastanefnd. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.
- j. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venezuela og Barbados.
- k. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Keníu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
- l. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.

3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 6 frá 5. febrúar 1987.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.